

## ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

### Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

#### Reglur um úthlutun styrkja til verkefna og viðburða á málefnasviði ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

##### 1. gr.

###### *Tilgangur.*

Ferðamála-, iðnaðar og nýsköpunarráðherra veitir tvisvar á ári styrki til verkefna og viðburða sem falla undir málefnasvið hans, sbr. forsetaúrskurð um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

Heildarfjárhæð styrkja er samkvæmt heimild í fjárlögum hverju sinni.

##### 2. gr.

###### *Styrkhæfi verkefna.*

Styrkjum skal úthlutað til ákveðinna verkefna eða viðburða til eins árs í senn. Styrkveitingar samkvæmt reglum þessum taka ekki til einstaklinga, að þeim undanskildum sem sækja um styrk vegna doktorsverkefna.

Hver einstakur styrkur getur aldrei numið hærri fjárhæð en nemur 10% af heildarfjárheimild hvers árs.

Ekki eru veittir rekstrarstyrkir. (t.d. til reksturs skrifstofu, þ.m.t. greiðslu húsaleigu).

Ekki eru veittir ferðastyrkir eða styrkir til bæjarhátíða.

Hvorki verður veittur styrkur fyrir nefndarsetu né BA/BS- eða meistaraþrófsverkefni.

##### 3. gr.

###### *Matshópur*

Ráðherra skipar þriggja manna matshóp sem hefur það hlutverk að meta styrkhæfi umsókna og gildi þeirra fyrir málefnasvið ráðherra almennt og gera tillögur til ráðherra um veitingu styrkja. Hafa skal hliðsjón af stjórnarsýslulögum, nr. 37/1993, við mat á umsóknum og úthlutun styrkja.

##### 4. gr.

###### *Auglýsingar.*

Ráðuneytið auglýsir á vef ráðuneytisins eftir umsóknum um styrki tvisvar á ári.

Ráðherra getur ákveðið að leggja áherslu á ákveðin mál á verkefnasviði ráðuneytisins í hverri úthlutun og skal það þá koma fram í auglýsingu,

Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um helstu atriði sem litið er til við mat á umsóknum, hvar og hvernig skuli sækja um, auk upplýsinga um umsóknarfrest og hvenær umsóknir verði afgreiddar.

##### 5. gr.

###### *Umsóknir.*

Umsókn skal skilað með rafrænum hætti í gegnum eyðublaðavef Stjórnarráðsins á þar til gerðu umsóknareyðublaði og skal hún bera greinilega með sér hvernig umsækjandi hyggst verja styrknum.

Ráðuneytið tekur ekki til umfjöllunar umsóknir sem berast eftir öðrum leiðum en með rafrænum hætti í gegnum eyðublaðavef Stjórnarráðsins, né umsóknir sem berast utan tilskilins tímafrests.

Umsókn skulu fylgja eftirtalin gögn og upplýsingar eftir því sem við á:

1. Upplýsingar um umsækjanda eða umsækjendur.
2. Upplýsingar um aðra þátttakendur og samstarfsaðila, ef einhverjir eru.
3. Nafn þess sem annast samskipti við ráðuneytið.
4. Nákvæm lýsing á verkefni, markmiðum þess og þýðingu fyrir umsækjanda og aðra.
5. Lýsing á því hvernig árangur verkefnisins verði metinn.
6. Tíma- og verkáætlun.
7. Fjárhagsáætlun, þar sem koma m.a. fram upplýsingar um áætlaðan kostnað, tekjur, hlutdeild annarra í kostnaði við verkefnið og styrkfé sem verkefnið hefur hlotið eða hefur sótt um.
8. Staðfest gögn frá samstarfsaðilum sem og önnur gögn til stuðnings umsókn.

Hafi umsækjandi áður fengið verkefnastyrk frá ráðuneytinu þarf að liggja fyrir greinargerð um framkvæmd fyrra verkefnis og ráðstöfun styrkfjárins til að ný umsókn verði tekin til umfjöllunar.

## 6. gr.

### *Viðmið við úthlutun*

Við mat á umsóknum og ákvörðun úthlutana skal matshópurinn, auk þeirra skilyrða um styrkhæfi sem getið er í 2. gr., taka mið af eftirtöldum atriðum:

- gildi og mikilvægi verkefnis fyrir starfsemi viðkomandi málaflokks,
- gildi og mikilvægi fyrir kynningu og markaðssetningu viðkomandi málaflokks,
- nýnæmi og sérstaða verkefnisins
- hvort markmið verkefnis séu skýr, hvernig markmiðum sem að er stefnt verði náð og hvernig árangur verkefnis verði metinn,
- starfsferli og faglegum bakgrunni umsækjanda og annarra þátttakenda,
- eigið framlag umsækjenda eða annarra til verkefnisins,
- fjárhagsgrundvelli verkefnis og/eða hvort umsækjandi hafi hlotið aðra styrki til sama verkefnis.

Við mat á umsóknum er matshópnum heimilt að leita umsagnar fagaðila, gerist þess þörf.

## 7. gr.

### *Úthlutun og skilmálar*

Matshópurinn gerir tillögu til ráðherra um úthlutun og ráðstöfun fjár til verkefna. Tillögur matshópsins skulu vera skriflegar og geyma í stuttu máli almenna lýsingu á framkvæmd og málsmeðferð við tillögugerðina. Ráðherra tekur ákvörðun um styrkveitingar á grundvelli framkominna tillagna. Tilkynna skal öllum umsækjendum um afgreiðslu umsóknar.

Við móttöku á styrk ábyrgist styrkþegi að honum verði einungis varið til þess verkefnis sem getið er um í umsókn. Jafnframt skuldbindur hann sig til að skila greinargerð um framvindu verkefnisins og fjárhagsuppgjöri. Styrkþegi skal auk þess hlýta öðrum þeim skilmálum sem fram koma í reglum þessum eða eru tilgreindir sérstaklega í úthlutunarbréfi eða samningi.

Heimilt er að binda styrkveitingar skilyrðum og gera við styrkþega samninga er stuðla að eðlilegri framvindu þeirra verkefna sem styrkt eru. Í þeim tilvikum kemur styrkur ekki til greiðslu nema að uppfylltum þessum skilyrðum. Í því skyni er heimilt að krefja styrkþega um skýrslur um framvindu þess verkefnis sem styrkt er. Lokagreiðsla styrkfjár kemur í slíkum tilvikum að jafnaði ekki til greiðslu fyrr en við skil til ráðuneytisins á gögnum sem gerð er krafa um hverju sinni, svo sem greinargerð um framgang og lok verkefnis ásamt fjárhagsuppgjöri.

Styrkjum er úthlutað til eins árs í senn. Nýti styrkþegi ekki styrk innan þess tíma fellur styrkurinn niður, nema sérstaklega sé sótt um frestun hans. Umsókn þess efnis skal vera skrifleg og rökstudd.

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um úthlutun birtir ráðuneytið nöfn styrkþega, heiti verkefnis og upphæð styrks á vef sínum.

#### 8. gr.

##### *Upplýsingagjöf, uppgjör og endurkröfuréttur ráðuneytis.*

Styrkþega ber ávallt að verða við beiðni ráðuneytisins um upplýsingar um stöðu verkefnisins og láta því í té allar upplýsingar og gögn um verkefnið, þar á meðal bókhaldsgögn.

Styrkþegum er skylt að tilkynna ráðuneytinu tafarlaust ef upp koma aðstæður sem seinka verkefninu eða koma í veg fyrir að það að markmiðum eða skilyrðum fyrir styrkveitingu sé fullnægt.

Verði brestur á að ráðist sé í verkefni, teufist framkvæmd þess úr hófi eða verði önnur skilyrði sem styrkveiting kann að vera bundin ekki uppfyllt innan eðlilegra tímamarka teljast forsendur brostnar. Áskilur ráðuneytið sér þá rétt til að ógilda styrkveitinguna og krefja styrkþega um endurgreiðslu á greiddum styrk, að hluta til eða í heild, ásamt kostnaði við innheimtu.

Ef sýnt þykir að styrkfé hafi ekki verið eða verði ekki nýtt í þeim tilgangi sem ætlað var getur ráðuneytið krafist þess að styrkurinn verði endurgreiddur í heild eða að hluta, ásamt kostnaði við innheimtu. Áður en ákvörðun um slíkt er tekin skal styrkþega gefinn kostur á að lýsa viðhorfi sínu til málsins.

Reynist útgjöld vegna verkefnis samkvæmt umsókn lægri en útborguð styrkfjárhæð skal styrkþegi ótilkvaddur endurgreiða ofgreiddan styrk innan 30 daga frá því fjárhagsuppgjör lá fyrir. Að öðrum kosti innheimtir ráðuneytið ofgreiddan styrk ásamt innheimtukostnaði.

Styrkþegi skal senda ráðuneytinu greinargerð um verkefnið og fjárhagsuppgjör vegna þess innan 60 daga frá því að verkefninu lýkur.

Ljúki verkefninu ekki á því ári sem styrkurinn er veittur, skal ráðuneytið upplýst um stöðu verkefnisins fyrir árslok.

Styrkþegi skal varðveita öll gögn verkefnisins, þ.m.t. bókhaldsgögn, í a.m.k. sjö ár og hafa þau tiltæk sé þess óskað af hálfu Ríkisendurskoðunar.

#### 9. gr.

##### *Kynningarefni tengt verkefni.*

Á öllu útgefnu efni, auglýsingum o.s.frv. sem tengist hinu styrkta verkefni skal koma fram að það sé styrkt af ferðamála-, iðnaðar og nýsköpunarráðherra.

#### 10. gr.

##### *Gildistaka*

Reglur þessar taka gildi við birtingu þeirra.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, 09. september 2019*

Fyrir hönd ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

  
Kristján Skarphéðinsson.

  
Ingvi Már Pálsson.